

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2012

2012/EES/56/13

frá 15. júní 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 100/2012 frá 3. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, einnig með tilliti til rýmkunar á kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EFTA-löndin innan EES ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21as (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 748/2009) í XX. viðauka við samninginn:

„– **32012 R 0100:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 100/2012 frá 3. febrúar 2012 (Stjtið. ESB L 39, 11.2.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 100/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 39, 11.2.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.